



Fundargerð

1. stjórnarfundar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
mánudaginn 15. september 2014, kl. 1700
í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Ingvar Hlynsson, Gunnlaugur Júlíusson, fulltrúi hreyfingarinnar í stjórn ÍSÍ. Stefán Skaffi Steinólfsson var í fjarfundarsambandi. Lovísa Hreinsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Björg Ágústsdóttir tilkynntu forföll.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til starfa á nýju starfstímabili.

1. Verkaskipting nýrrar stjórnar
 - a. Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu að verkaskiptingu innan stjórnar: Varaformaður Lóa Björk Hallsdóttir. Ritari Stefán Skaffi Steinólfsson. Gjaldkeri Jón. H. Steingrímsson. Samþykkt samhljóða.
 - b. Starfsmannamál. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fyrirkomulagi ráðinna starfsmanna hjá sambandinu.
 - c. Fundarsköp og vinnureglur stjórnar. Lögð fram ákvæði í reglum FRÍ um stjórnarfundir og boðun þeirra. Ákveðið að næstu tveir fundir verði haldnir 22. og 29. sept. nk. á sama tíma. Fundir í framtíðinni verða ákveðnir síðar.
2. Röð varamanna í stjórn. Formaður greindi frá því að mismunandi sjónarmið væru uppi um í hvaða röð varamenn tækju sæti í stjórn. Samþykkt að kanna þessi mál betur og taka endanlega ákvörðun á næsta fundi stjórnar. Einnig samþykkt draga um röð varamanna með fyrirvara um endanlega niðurstöðu næsta fundar. Röðin sem dregin var er þessi: 1. Ingvar Hlynsson, 2. Fríða Rún Þórðardóttir, 3. Björg Ágústsdóttir, 4. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, 5. Lovísa Hreinsdóttir.
3. Starfsnefndir FRÍ
 - a. Listi með starfsnefndum og formönnum þeirra lagt fram. Ákveðið að bíða með skipan annarra fulltrúa í nefndir, eftir að formaður FRÍ hefur haft nánara samráð við formenn þeirra.
 - b. Unglinganefnd. Þingið samþykkti að vísa vali á formanni unglínganefndar til stjórnar. Samþykkt að lýsa eftir tilnefningum frá sambandsaðilum.
4. Verkefnatendgr nefndir. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir störfum þeirra nefnda sem skipaðar voru af stjórn á síðasta starfstímabili. Formaður óskaði eftir að fá að kynni sér störf nefndanna betur og leggja fram tillögu um framtíðarskipan þeirra.
 - a. Undirbúningsnefnd vegna Smáþjóðaleikana 2015.
 - b. Nefnd um þjóðarleikvang í Laugardal.
 - c. Undirbúningsnefnd vegna RIG 2015.
5. Helstu ályktanir þingsins.
 - a. Fjárhagsáætlun 2014 og 2015 lögð fram ásamt viðaukatillögu.
 - b. Ákveðið að senda sambandsaðilum tilkynningu þess efnis að þingið hefði samþykkt kr. 1.000 þjónustugjald á hvern iðkanda 11 ára og eldri ótímabundið. Jafnframt að nánari útfærsla á innheimtu gjaldsins yrði kynnt fljótlega.



- c. Mótaáætlun fyrir 2015. Frestað þar sem endanleg mótaskrá liggur ekki fyrir.
 - d. Stefnumótunarumræða. Frestað.
6. Kynning framkvæmdastjór á verkefnum og fundum
- a. Norrænn fundur framkvæmdastjóra 25. september nk. í Reykjavík. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir efni fundarins og jafnframt að Ísland væri í forsvari fyrir Norðurlandasamstarfið út ágúst á næsta ári.
 - b. Mótafundur EAA í Baku í Azerbajjan 10.-12. okt. nk. Jónas fer þangað sem stjórnarmaður EAA. Fyrri stjórn ákvað, vegna skráningarfrests og annarra ástæðna í ágúst sl. að fulltrúi FRÍ yrði Benóný Jónsson. Rætt og samþykkt að skoða nánar hvort ákvörðun fyrri stjórnar skuli standa.
 - c. Mannvirkjaping í haust. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum formanna tækni- og mannvirkjanefnda um ráðstefnu um mannvirkjamál. Samþykkt að óska effir nánari upplýsingum um hugmyndina.
 - d. Ráðstefna um skipulag þjálfaramála (Coaches Management) verður haldin á vegum EAA í Reykjavík í byrjun nóvember nk.
 - e. Þjálfaranámskeið á 1. stigi CECS verður haldið í haust, eins og undanfarin ár. Möguleiki er að að halda 2. stigs námskeið í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40.

Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.